

# MiFID II / MiFIR

## Innleiðing og aðlögun frá íslensku sjónarhorni

Hafliði K. Lárusson

Fjeldsted & Blöndal lögmannsstofu

# Yfirlit

- MiFID II og MiFIR
- Innleiðing og aðlögun

# MiFID II og MiFIR (1)

- MiFID II: Tilskipun um markaði fyrir fjármálagerninga (148 bls.)
  - Stjórnun, fjárfestavernd...
- MiFIR: Reglugerð um markaði fyrir fjármálagerninga (65 bls.)
  - Gegnsæi, upplýsingagjöf, skráning gagna...
- „Tæknistaðlar“ (e. „*technical standards*“) Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, ESMA (100x bls.)
- Reglugerðin – full samræming á milli aðildarríkja
- Tilskipunin – gefur ákveðið svigrúm á innleiðingu í samræmi við markaði, lagaumhverfi og fjárfestasamsetningu í hverju ríki fyrir sig
- Gildistaka: 3. janúar 2018
- Innleiðing tilskipunar í ESB-ríkjum: Fyrir 3. júlí 2017
- Viðamiklar breytingar, sem snerta flesta þætti núverandi reglukerfis

# MiFID II og MiFIR (2)

- Markmið:
  - Gera fjármálamarkaði virkari og tryggari (eftir fjármálakrísuna)
  - Laga regluverkið að nýrri tækni síðan 2007
  - Auka gegnsæi varðandi bæði hlutabréfamarkaði og aðra markaði með fjármálagerninga
  - Auka vald eftirlitsstofnana
  - Auka fjárfestavernd
- „Tæknileg“ útfærsla ásamt mörgu fleiru: Auknar kröfur um upplýsingagjöf, gegnsæi, skráningu viðskipta, geymslu upplýsinga...
- „Rafrænn“ markaður (e. *digitisation*) – hugbúnaður og tölvukerfi

# Innleiðing og aðlögun (1)

- Tilskipunin og reglugerðin verða innleiddar í íslenskan rétt
  - Tímanleg innleiðing / rétt innleiðing
  - Nefnd á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins
    - Skýrsla í júní 2016: „Skýrsla um nýja Evrópulöggjöf um markaði fyrir fjármálagerninga (MiFID II/MiFIR)“
- Þétt, víðfeðmt, ítarlegt og flókið regluverk
  - Aukið öryggi eða „regluverðbólga“?
- Margslungnir tæknistaðlar bætast við

# Innleiðing og aðlögun (2)

- Dæmi 1: Í því augnamiði að stuðla að gagnsæi skulu fjármálafyrirtæki, þ.m.t. innmiðlarar, einnig birta upplýsingar um viðskipti með hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga. Þá ber fjármálafyrirtækjum, þ.m.t. innmiðlurum, að birta upplýsingar um viðskipti með skuldabréf, samsetta fjármálagerninga, losunarheimildir og afleiður. Birta skal upplýsingar um magn, verð og tímasetningu viðskipta og ber fjármálafyrirtækjum að notast við þjónustu viðurkennds tilkynningavettvangs við birtinguna.
- Dæmi 2: Fjármálafyrirtæki skulu tryggja að öflugar ráðstafanir séu til staðar svo rafræn viðskipti og háhraðaviðskipti leiði ekki til óskipulegs markaðar og að þeim verði ekki beitt til markaðsmisnotkunar. Viðskiptavettvangur þarf einnig að tryggja að viðskiptakerfi hans sé traust og að það sé prófað reglulega, m.a. til að takast á við aukið magn tilboða eða óróleika á markaði og að viðskiptarofar séu til staðar til að stöðva viðskipti tímabundið ef óvæntar verðsveiflur verða.

# Innleiðing og aðlögun (3)

- Úttekt á núverandi reglum og framkvæmd (heildstætt mat)
- Mat á nýjum reglum (hvað á við og hvað á ekki við?)
- Mat á hverrar aðlögunar er þörf
- Nákvæm verkáætlun um aðlögun fram að gildistöku
- Náin samvinna á milli viðskiptasviða, tæknisviða og lögfræði- og regluvörslusviða
- Aðlögunartímabilið er þegar hafið

# Endir